

Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn miðvikudaginn 25. september kl 12:00

Mættir: Siggeir Stefánsson, Kristinn Lárusson, Hildur Stefánsdóttir, Halldór Njálsson og Sigríður Jóhannesdóttir. Áheyrendafultrúar voru Ingveldur Eiríksdóttir og María Guðmundsdóttir.

Fundurinn hófst með kynningu á starfsemi Menntasetursins á Þórshöfn og Framhaldsdeildarinnar frá Laugum á Þórshöfn. Þeir sem stóðu að kynningunni voru Óli Halldórsson, framkvæmdarstjóri Þekkingarnets Þingeyinga, Hallur B. Reynisson skólastjóri Laugaskóla, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir starfsmaður Þekkingarnets Þingeyinga á rannsóknarsviði, Heiðrún Óladóttir, starfsmaður Þekkingarnets Þingeyinga á símenntunarsviði og Hildur Stefánsdóttir umsjónarkennari framhaldsdeildarinnar á Laugum á Þórshöfn.

Auk fræðslunefndar og áheyrendafultrúa mætti Ólafur Steinarsson, sveitarstjóri á kynningarfundinn.

1. Kynning Menntasetursins á Þórshöfn.

Starfsemi Menntasetursins var kynnt en menntasetrið á Þórshöfn hefur verið starfrækt síðan 2009. Starfsemin hefur mikla þýðingu fyrir samfélagið í Langanesbyggð og nágrenni.

- Óli Halldórsson fór yfir forsöguna og núverandi starfsemi og tók fram hversu mikla þýðingu það hefur haft fyrir starfsemina að sveitarfélagið varð strax virkur þátttakandi í starfseminni með því að leggja til húsnæðið.
- Heiðrún Óladóttir kom með tölulegar staðreyndir um námskeiðahald á starfssvæðinu.
- Gréta Bergrún Jóhannesdóttir kynnti þau verkefni sem unnin hafa verið frá útibúi Þekkingarnets Þingeyinga á Þórshöfn á síðan starfsemin hófst á Þórshöfn.
- Hildur Stefánsdóttir fór síðan yfir hvernig framhaldsdeildin á Laugum er starfrækt.

Allt voru þetta góðar kynningar sem veittu góða innsýn inn í starfsemina á Þórshöfn.

Í framhaldi af kynningunum ræddu fundarmenn hvað Menntasetrið á Þórshöfn og framhaldsdeildin á Þórshöfn þýddi fyrir byggðarlaginu og hvernig hægt sé að snúa vörn í sókn í aðsókn nemenda. Ljóst að það að börnin geti verið allt að tveimur árum lengur heima í foreldrahúsum getur skipt sköpum fyrir fjölskyldur sem búa í Langanesbyggð. Brottfall nemenda eftir 10. bekk í grunnskóla virðist heyra sögunni til. Þá voru ræddir hugsanlegir möguleikar á að tengja framhaldsdeildina við verknám á staðnum enn þekkingarnetið er að vinna verkefni um eflingu verknáms.

Að loknum kynningarfundinum um kl 13:50 hélt fræðslunefnd Langanesbyggðar áfram að funda. Sigríður þurfti að fara af fundi.

2. Kynningarfundur í Menntasetrinu á Þórshöfn.

Fræðslunefnd ræddi kynningarfundinn og það sem þar kom fram.

- Fræðslunefnd telur það vera einn hluta af sínum verkefnum að stuðla að samvinnu skólastiga. Ákveðið að málefni framhaldsdeildarinnar geti verið sett á dagskrá fræðslunefndar og þá er hægt að boða til okkar þá aðila sem hafa með málið að gera.

- Samstarf framhaldsdeildarinnar á Þórshöfn og grunnskólanna er mikilvægt. Fræðslunefnd hvetur skólastjóra grunnskólanna að vinna með framhaldsdeildinni á Þórshöfn og auka samvinnuna þar á milli.
- Kynna þarf framhaldsdeildina á Þórshöfn markvisst fyrir foreldrum í Langanesbyggð, nemendum í grunnskólum Langanesbyggðar og fyrir foreldrum og nemendum í byggðarlögunum í kring. Með því má auka jákvæða umræðu og vitund um framhaldsdeildina á Þórshöfn. M.a. ætti að skoða möguleikann á því að 9. og 10. bekkur fari í kynningarferð á Lauga til að skoða skólann þar.
- Tilkoma framhaldsdeildarinnar á Þórshöfn hefur minnkað brottfall nemenda strax eftir 10. bekk. Það er mjög jákvætt fyrir samfélagið og mikils virði að nemendur haldi áfram í námi eftir að grunnskólagöngu lýkur.
- Rætt hvað Langanesbyggð geti gert til að stuðla að fjölbreyttari afþreyingu fyrir unglinga 16-18 ára. Fræðslunefnd telur að markvissara starf fyrir 16-18 ára unglinga vanti hjá UMFL og það þarf að ræða við stjórn UMFL. Unglingadeild Björgunarsveitarinnar Hafliða hefur boðið þessum aldri upp á félagsstarf og námskeið síðustu misseri en þau hafa ekki nýtt það mikið.
- Fræðslunefnd telur símenntun fyrir starfsmenn Langanesbyggðar sé mikilvæg og beinir því til sveitarstjóra að skoða símenntunaráætlun fyrir starfsmenn Langanesbyggðar. Í þeim efnum hvetur fræðslunefnd sveitarstjóra til að vinna það í samvinnu við þekkingarnet Þingeyinga.

3. Önnur mál.

- Ingveldur Eiríksdóttir, skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn kynnti að Þorsteinn Ægir færi í 5 vikna leyfi en hann er að fara í framhaldsnám í sjúkraflutningum. Ingveldur leggur til að Hulda Kristín Baldursdóttir muni leysa hann af 2 vikurnar og Ragnar Skúlason leysi af síðustu 3 vikurnar. Fræðslunefnd mælir með þessum aðilum í afleysingar.
- Fyrir stuttu birtist grein í Netlu, veftímariti um uppeldi og menntun, eftir Ingvar Sigurgeirsson, Maríu Guðmundsdóttur og Bylgju Dögg Sigurbjörnsdóttur sem segir frá skólastarfi á Bakkafirði og þeim kennsluáferðum sem þar eru notaðar. Jákvætt að fá svona góða umfjöllum um Grunnskólann á Bakkafirði.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 14:30